

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2017/576****2021/EES/78/15****frá 8. júní 2016**

**um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir árlega birtingu verðbréfafyrirtækja á upplýsingum um auðkenni viðskiptastaða og gæði framkvæmdar (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB <sup>(1)</sup>, einkum b-lið fyrstu undirgreinar 10. mgr. 27. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Nauðsynlegt er að gera almenningi og fjárfestum kleift að meta gæði framkvæmdarvenja verðbréfafyrirtækis og auðkenna fimm mikilvægustu viðskiptastaðina, með tilliti til magns viðskipta, þar sem verðbréfafyrirtæki hafa framkvæmt fyrirmæli viðskiptavina á næstliðnu ári. Til að gera markvissan samiburð og greina valið á fimm mikilvægustu viðskiptastöðunum er nauðsynlegt að verðbréfafyrirtæki birti upplýsingar sérstaklega að því er varðar hvern flokk fjármálagerninga. Til að geta að fullu metið flæði fyrirmæla viðskiptavina til viðskiptastaða ættu fjárfestar og almenningur að geta greint með skýrum hætti hvort viðskiptastaðurinn var einn af fimm mikilvægustu viðskiptastöðunum fyrir hvern flokk fjármálagerninga.
- 2) Til að meta til fulls að hvaða marki gæði framkvæmdar sem náðst hafa á viðskiptastöðum sem verðbréfafyrirtæki nota til að framkvæma fyrirmæli viðskiptavina, þ.m.t. viðskiptastaða í þriðju löndum, þykir rétt að verðbréfafyrirtæki birti upplýsingar sem krafist er samkvæmt þessari reglugerð í tengslum við viðskiptavettvanga, viðskiptavaka eða aðra aðila sem veita seljanleika eða sérhvern aðila sem gegnir svipuðu hlutverki í þriðja landi og því sem einhverjir ofangreindra aðila hafa með höndum.
- 3) Til að veita nákvæmar og sambærilegar upplýsingar er nauðsynlegt að setja fram flokka fjármálagerninga sem byggjast á mikilvægum einkennum þeirra með tilliti til birtingar. Afmarkaður flokkur fjármálagerninga ætti að vera nægjanlega þröngur til að sýna mismuninn á því hvernig framkvæmd fyrirmæla á sér stað á milli flokka en á sama tíma nægjanlega breiður til að tryggja að kvöðin á verðbréfafyrirtæki um skýrslugjöf sé hófleg. Að teknu tilliti til breiddar hlutabréfaflokks fjármálagerninga þykir rétt að skipta þessum flokki í undirflokka eftir seljanleika. Þar sem seljanleiki er grundvallarþáttur sem stjórnar hvernig framkvæmd á sér stað og þar sem viðskiptastaðir eru oft í samkeppni um að draga að flæði hlutabréfa sem tíðust viðskipti eru með, þykir rétt að hlutabréfagerningar séu flokkaðir samkvæmt seljanleika þeirra eins og ákvarðað er samkvæmt verðskrefakerfi eins og sett er fram í tilskipun 2014/65/ESB.
- 4) Þegar birt eru auðkenni fimm mikilvægustu viðskiptastaðanna þar sem fyrirmæli viðskiptavina eru framkvæmd þykir rétt að verðbréfafyrirtæki birti upplýsingar um magn og fjölda fyrirmæla sem framkvæmd eru á hverjum viðskiptastað, til að fjárfestar geti myndað sér skoðun um flæði fyrirmæla viðskiptavina frá fyrirtækinu til viðskiptastaðarins. Ef verðbréfafyrirtæki framkvæmir, fyrir einn eða fleiri flokka fjármálagerninga, eingöngu mjög lítinn fjölda fyrirmæla væru upplýsingar um fimm mikilvægustu viðskiptastaðina ekki mjög marktækar né dæmigerðar um fyrirkomulag við framkvæmd fyrirmæla. Því er viðeigandi að krefja verðbréfafyrirtækis um að tilgreina með skýrum hætti flokka fjármálagerninga sem þau framkvæma mjög lítill fjölda fyrirmæla með.
- 5) Til að koma í veg fyrir birtingu hugsanlega markaðslega viðkvæmra upplýsinga um viðskiptamagn verðbréfafyrirtækisins ætti magn og fjöldi fyrirmæla sem framkvæmd eru að vera gefin upp sem hundradshluti af heildarmagni og -fjölda framkvæmdra fyrirmæla verðbréfafyrirtækisins í þeim flokki fjármálagerninga, eftir því sem við á, fremur en sem endanleg virði.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttf. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 166. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 88, 31.10.2019, bls. 7.

(1) Stjttf. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349.

- 6) Rétt þykir að krefja verðbréfafyrirtæki um að birta upplýsingar sem skipta máli um hvernig framkvæmd þeirra á fyrirmælum á sér stað. Til að tryggja að verðbréfafyrirtæki axli ekki ábyrgð á ákvörðunum um framkvæmd fyrirmæla sem þau bera ekki ábyrgð á, þykir rétt að verðbréfafyrirtæki birti upplýsingar um hundraðshluta framkvæmdra fyrirmæla á hverjum af fimm mikilvægust viðskiptastöðunum þegar valið á viðskiptastað hefur verið tilgreint af viðskiptavininum.
- 7) Það eru nokkrir þættir sem geta hugsanlega haft áhrif á hvernig framkvæmd verðbréfafyrirtækja á fyrirmælum á sér stað, s.s. nán tengsl milli verðbréfafyrirtækja og viðskiptastaða. Að teknu tillit til þess hversu mikilvægir þessir þættir kunna að vera þykir rétt að krefjast greiningar á slíkum þáttum við mat á gæðum framkvæmdar sem náðst hafa á öllum viðskiptastöðum.
- 8) Mismunandi tegundir fyrirmæla geta verið mikilvægur þáttur í því að útskýra hvernig og hvers vegna verðbréfafyrirtæki framkvæma fyrirmæli á tilteknum viðskiptastað. Þetta getur einnig haft áhrif á hvernig verðbréfafyrirtæki útfærir framkvæmdarstefnuáætlanir sínar, þ.m.t. forritun á snjallstýringu fyrirmæla fyrir milligöngu beina til að uppfylla sérstök markmið þessara fyrirmæla. Því er rétt að skýr greinarmunur sé gerður á milli mismunandi flokka af tegundum fyrirmæla í skýrslunni.
- 9) Til að greina upplýsingar á tilhlýðilegan hátt er mikilvægt að notendur séu í aðstöðu til að greina á milli viðskiptastaða sem notaðir eru fyrir fyrirmæli fagfjárfesta og viðskiptastaða sem notaðir eru fyrir fyrirmæli almennra fjárfesta, að gefnum merkjanlegum mismun á hvernig verðbréfafyrirtæki ná bestri mögulegri niðurstöðu fyrir almenna fjárfesta í samamburði við fagfjárfesta, þ.e. að verðbréfafyrirtæki verða fyrst og fremst að meta verð- og kostnaðarþætti þegar fyrirmæli frá almennum fjárfestum eru framkvæmd. Þess vegna þykir rétt að upplýsingar um fimm mikilvægustu viðskiptastaðina séu veittar á aðskilinn hátt fyrir almenna fjárfesta og fyrir fagfjárfesta, eftir því sem við á, sem gerir mögulegt eigindlegt mat á flæði fyrirmæla til slíkra staða.
- 10) Til að hlíta lagaskyldunni um bestu framkvæmd nota verðbréfafyrirtæki venjulega ekki, þegar viðmiðinu fyrir bestu framkvæmd er beitt fyrir fagfjárfesta, sömu viðskiptastaði fyrir fjármögnunarviðskipti með verðbréf (SFTs) og fyrir önnur viðskipti. Þetta er vegna þess að fjármögnunarviðskipti með verðbréf eru notuð sem uppspretta fjármögnunar sem fellur undir skuldbindingu um að lántakinn skili jafngildum verðbréfum á ákveðnum degi síðar og skilmálar fjármögnunarviðskipta með verðbréf eru venjulega skilgreindir tvíhliða á milli mótaðilanna áður en framkvæmdin á sér stað. Þess vegna er valið á viðskiptastöðum fyrir fjármögnunarviðskipti með verðbréf takmarkaðra en ef um er að ræða önnur viðskipti, að því gefnu að þau séu háð tilteknum skilmálum sem skilgreindir eru fyrirfram á milli mótaðilanna og hvort sérstök eftirspurn sé eftir hlutaðeigandi fjármálagerningunum á þessum viðskiptastöðum. Því er rétt að verðbréfafyrirtæki taki saman og birti opinberlega í sérstakri skýrslu fimm mikilvægustu viðskiptastaðina með tilliti til viðskiptamagns þar sem þau framkvæmdu fjármögnunarviðskipti með verðbréf, þannig að hægt sé að gera eigindlegt mat á flæði fyrirmæla til slíkra staða. Vegna sérstaks eðlis fjármögnunarviðskipta með verðbréf, og að því gefnu að líklegt er að stærð þeirra raski dæmigerðari viðskiptum viðskiptavina (þ.e. öðrum en fjármögnunarviðskiptum með verðbréf) er einnig nauðsynlegt að undanskilja þau í töflunum yfir fimm mikilvægustu viðskiptastaðina þar sem verðbréfafyrirtæki framkvæma önnur fyrirmæli viðskiptavina.
- 11) Rétt þykir að verðbréfafyrirtæki birti mat á gæðum framkvæmdar sem náðst hafa á öllum viðskiptastöðum sem fyrirtækið notar. Þessar upplýsingar munu gefa skýra mynd af framkvæmdarstefnuáætlunum og -verkfærum sem notuð eru til að meta gæði framkvæmdar sem náðst hafa á þessum viðskiptastöðum. Þessar upplýsingar munu einnig gera fjárfestum kleift að meta skilvirkni vöktunarinnar sem verðbréfafyrirtæki annast í tengslum við þessa viðskiptastaði.
- 12) Sérstaklega þegar gæði framkvæmdar sem náðst hafa á öllum viðskiptastöðum eru metin í tengslum við kostnað, þykir rétt að verðbréfafyrirtæki framkvæmi einnig greiningu á fyrirkomulaginu sem það hefur við þessa viðskiptastaði í tengslum við greiðslur sem inntar eru af hendi eða móttekna og varðandi afslætti, eða móttekinn ópeningalegan ávinning. Slíkt mat ætti einnig að gera almenningi kleift að meta hvernig slíkt fyrirkomulag hefur áhrif á kostnaðinn fyrir fjárfestana og með hvaða hætti það fer að ákvæðum 2. mgr. 27. gr. tilskipunar 2014/65/ESB.
- 13) Einnig þykir rétt að ákvarða umfang slíkrar birtingar og mikilvægustu þætti hennar, þ.m.t. notin sem verðbréfafyrirtæki hafa af gögnunum um gæði framkvæmdar sem tiltæk eru frá viðskiptastöðum samkvæmt framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/575 <sup>(1)</sup>.

(1) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/575 frá 8. júní 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB um markaði fyrir fjármálagerninga að því er varðar tæknilega eftirlitsstaða varðandi gögnin sem viðskiptastaðir eiga að birta um gæði framkvæmdar viðskipta (Stjtíð. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 152).

- 14) Upplýsingar um auðkenni viðskiptastaða og gæði framkvæmdar ætti að birta árlega og vísa ætti til þess hvernig framkvæmd fyrirmæla á sér stað fyrir hvern flokk fjármálagerninga til að fanga mikilvægar breytingar á næstliðnu almanaksári.
- 15) Ekki ætti að koma í veg fyrir að verðbréfafyrirtæki taki upp aukalega nákvæmara stig skýrslugjafar, að því tilskildu að í slíkum tilvikum komi viðbótarskýrslan til fyllingar en ekki í staðinn fyrir þá sem krafist er samkvæmt þessari reglugerð.
- 16) Nauðsynlegt er, til að gæta samræmis og tryggja snurðulausa starfsemi fjármálamarkaðsins, að ákvæðin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og tengd innlend ákvæði sem leiða í lög tilskipun 2014/65/ESB komi til framkvæmda frá og með sama degi.
- 17) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 18) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álitum hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði, sem komið var á fót með 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 <sup>(1)</sup>.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

##### 1. gr.

##### Efni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur um efni og framsetningu upplýsinga sem verðbréfafyrirtækjum ber að birta árlega í tengslum við fyrirmæli viðskiptavina sem framkvæmd eru á viðskiptavettvöngum, gegnum innmiðlara, hjá viðskiptavökum og aðilum sem veita seljanleika eða aðilum sem gegna svipuðu hlutverki og því sem einhverjir ofangreindra aðila hafa með höndum í þriðja landi.

##### 2. gr.

##### Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) hlutlaust tilboð“ (e. *passive order*): tilboð sem er fært í tilboðaskrána og veitir seljanleika,
- b) „ágengt tilboð“ (e. *aggressive order*): tilboð sem er fært í tilboðaskrána og tekur upp seljanleika,
- c) „stýrt tilboð“ (e. *directed order*): tilboð þar sem viðskiptavinurinn tilgreinir ákveðinn viðskiptastað áður en fyrirmælin eru framkvæmd.

##### 3. gr.

#### Upplýsingar um fimm mikilvægustu viðskiptastaði og gæði framkvæmdar

1. Verðbréfafyrirtæki skulu birta fimm mikilvægustu viðskiptastaðina út frá viðskiptamagni allra framkvæmdra fyrirmæla viðskiptavina fyrir hvern flokk fjármálagerninga sem um getur í I. viðauka. Upplýsingar um almenna fjárfesta skulu birtar á sniðinu sem sett er fram í töflu 1 í II. viðauka og upplýsingar um fagfjárfesta skulu birtar á sniðinu sem sett er fram í töflu 2 í II. viðauka. Birtingin skal undanskilja fyrirmæli um fjármögnunarviðskipti með verðbréf (SFTs) og skal innihalda eftirfarandi upplýsingar:

- a) flokk fjármálagerninga,

<sup>(1)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

- b) nafn og auðkenni viðskiptastaðar,
- c) magn fyrirmæla viðskiptavina sem framkvæmd eru á þeim viðskiptastað, gefið upp sem hundraðshluti af framkvæmdu heildarmagni,
- d) fjölda fyrirmæla viðskiptavina sem framkvæmd eru á þeim viðskiptastað, gefinn upp sem hundraðshluti af heildarfjölda framkvæmdra fyrirmæla,
- e) hundraðshluta þeirra framkvæmdu fyrirmæla sem um getur í d-lið sem voru hlutlaus tilboð og ágeng tilboð,
- f) hundraðshluta þeirra fyrirmæla sem um getur í d-lið sem voru stýrð tilboð,
- g) staðfestingu á því hvort verðbréfafyrirtækið hafi framkvæmt að meðaltali minna en ein viðskipti á hvern viðskiptadag á næstliðnu ári í þeim flokki fjármálagerninga.

2. Verðbréfafyrirtæki skulu birta fimm mikilvægustu viðskiptastaðina út frá viðskiptamagni allra framkvæmdra fyrirmæla viðskiptavina um fjármögnunarviðskipti með verðbréf fyrir þá flokka fjármálagerninga sem um getur í I. viðauka, á sniðinu sem sett er fram í töflu 3 í II. viðauka. Í birtingunni skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

- a) magn fyrirmæla viðskiptavina sem framkvæmd eru á þeim viðskiptastað, gefið upp sem hundraðshluti af framkvæmdu heildarmagni,
- b) fjöldi framkvæmdra fyrirmæla viðskiptavina á þeim viðskiptastað, gefinn upp sem hundraðshluti af heildarfjölda framkvæmdra fyrirmæla,
- c) staðfesting á því hvort verðbréfafyrirtækið hafi framkvæmt að meðaltali minna en ein viðskipti á hvern viðskiptadag á næstliðnu ári í þeim flokki fjármálagerninga.

3. Verðbréfafyrirtæki skulu birta fyrir hvern flokk fjármálagerninga samantekt á greiningu sinni og þeim niðurstöðum sem þau draga af ítarlegu eftirliti sínu með gæðum framkvæmdar á öllum þeim viðskiptastöðum þar sem þau framkvæmdu fyrirmæli viðskiptavina á næstliðnu ári. Þessar upplýsingar skulu fela í sér:

- a) útskýringu á væginu sem fyrirtækið gaf framkvæmdarþáttunum verði, kostnaði, hraða, líkum á framkvæmd eða öðru sem tekið var tillit til, þ.m.t. eigindlegum þáttum, þegar gæði framkvæmdar voru metin,
- b) lýsingu á öllum nánnum tengslum, hagsmunaárekstrum og sameiginlegu eignarhaldi að því er varðar alla viðskiptastaði sem notaðir voru til að framkvæma fyrirmæli,
- c) lýsingu á öllu sérstöku fyrirkomulagi gagnvart viðskiptastöðum varðandi greiðslur sem inntar voru af hendi eða mótteknar, afslætti, endurgreiðslur að hluta eða móttekinn ópeningalegan ávinning,
- d) útskýringu á þáttum sem leiddu til breytingar á listanum yfir viðskiptastaði sem taldir eru upp í stefnu fyrirtækisins um framkvæmd viðskiptafyrirmæla, ef slík breyting varð,
- e) útskýringu á því hvernig framkvæmd fyrirmæla er mismunandi eftir flokkun viðskiptavina, ef fyrirtækið meðhöndlar flokka viðskiptavina með mismunandi hætti og ef þetta getur haft áhrif á fyrirkomulag við framkvæmd fyrirmæla,
- f) tilgreiningu á því hvort öðrum viðmiðum hafi verið gefið meira vægi en beinu verði og kostnaði þegar fyrirmæli almennra fjárfesta voru framkvæmd og hvernig þessi önnur viðmið voru afgerandi í að skila bestu mögulegu niðurstöðu að því er varðar heildarfjárhæðina fyrir viðskiptavininn,
- g) útskýringu á því hvernig verðbréfafyrirtækið hefur notað gögn eða tæki sem varða gæði framkvæmdar, þ.m.t. gögn sem birt eru samkvæmt framseldri reglugerð (ESB) 2017/575,
- h) eftir atvikum, útskýringu á því hvernig verðbréfafyrirtækið hefur notað upplýsingar frá þjónustu fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar (CTP) sem komið var á fót skv. 65. gr. tilskipunar 2014/65/ESB.

4. gr.

#### Framsetning

Verðbréfafyrirtæki skulu birta þær upplýsingar sem krafist er í samræmi við 1. og 2. mgr. 3. gr. á vefsetri sínu, með því að fylla út sniðmátin sem sett eru fram í II. viðauka, á tölvulesanlegu, rafrænu formi sem tiltækt er almenningi til niðurhals og skulu upplýsingarnar sem krafist er í samræmi við 3. mgr. 3. gr. birtar á vefsetrum þeirra á rafrænu formi sem tiltækt er almenningi til niðurhals.

5. gr.

**Gildistaka og framkvæmd**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 3. janúar 2018.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. júní 2016.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

---

## I. VIÐAUKI

## Flokkar fjármálagerninga

- a) Hlutabréf — hlutabréf og heimildarskírteini
    - i. Verðskrefaseljanleikaþrep (e. *tick size liquidity bands*) 5 og 6 (frá 2 000 viðskiptum á dag)
    - ii. Verðskrefaseljanleikaþrep 3 og 4 (frá 80 til 1 999 viðskipta á dag)
    - iii. Verðskrefaseljanleikaþrep 1 og 2 (frá 0 til 79 viðskipta á dag)
  - b) Skuldagerningar
    - i. Skuldabréf
    - ii. Peningamarkaðsgerningar
  - c) Vaxtaafleiður
    - i. Framtíðarsamningar og valréttir sem teknir hafa verið til viðskipta á viðskiptavettvangi
    - ii. Skiptasamningar, framvirkir samningar og aðrar vaxtaafleiður
  - d) Lánaafleiður
    - i. Framtíðarsamningar og valréttir sem teknir hafa verið til viðskipta á viðskiptavettvangi
    - ii. Aðrar lánaafleiður
  - e) Gjaldeyrifaafleiður
    - i. Framtíðarsamningar og valréttir sem teknir hafa verið til viðskipta á viðskiptavettvangi
    - ii. Skiptasamningar, framvirkir samningar og aðrar gjaldeyrifaafleiður
  - f) Samsettir fjármálagerningar
  - g) Hlutabréfaafleiður
    - i. Valréttir og framtíðarsamningar sem teknir hafa verið til viðskipta á viðskiptavettvangi
    - ii. Skiptasamningar og aðrar hlutabréfaafleiður
  - h) Verðbréfaðar afleiður
    - i. Áskriftarréttindi og skírteini
    - ii. Aðrar verðbréfaðar afleiður
  - i) Hrávöruafleiður og afleiður með losunarheimildir
    - i. Valréttir og framtíðarsamningar sem teknir hafa verið til viðskipta á viðskiptavettvangi
    - ii. Aðrar hrávöruafleiður og afleiður með losunarheimildir
  - j) Mismunasamningar
  - k) Afurðir sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi (kauphallarsjóðir, skuldaviðurkenningar sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi og hrávörur sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi)
  - l) Losunarheimildir
  - m) Aðrir gerningar
-

## II. VIÐAUKI

Tafla 1

Flokkur gernings					
Tilkynning ef < 1 viðskipti að meðaltali á viðskiptadag næstliðið ár	J/N				
Fimm mikilvægustu viðskiptastaðir, raðað eftir viðskiptamagni (lækkandi röð)	Hlutfall af viðskiptamagni sem hundraðshluti af heildinni í þeim flokki	Hlutfall af framkvæmdum fyrirmælum sem hundraðshluti af heildinni í þeim flokki	Hundraðshluti af hlutlausum tilboðum	Hundraðshluti af ágengum tilboðum	Hundraðshluti af stýrðum tilboðum
Nafn og auðkenni viðskiptastaðar (markaðsauðkenniskóði (MIC) eða auðkenni lögaðila (LEI))					
Nafn og auðkenni viðskiptastaðar (markaðsauðkenniskóði (MIC) eða auðkenni lögaðila (LEI))					
Nafn og auðkenni viðskiptastaðar (markaðsauðkenniskóði (MIC) eða auðkenni lögaðila (LEI))					
Nafn og auðkenni viðskiptastaðar (markaðsauðkenniskóði (MIC) eða auðkenni lögaðila (LEI))					
Nafn og auðkenni viðskiptastaðar (markaðsauðkenniskóði (MIC) eða auðkenni lögaðila (LEI))					

Tafla 2

Flokkur gernings					
Tilkynning ef < 1 viðskipti að meðaltali á viðskiptadag næstliðið ár	J/N				
Fimm mikilvægustu viðskiptastaðir, raðað eftir viðskiptamagni (lækkandi röð)	Hlutfall af viðskiptamagni sem hundraðshluti af heildinni í þeim flokki	Hlutfall af framkvæmdum fyrirmælum sem hundraðshluti af heildinni í þeim flokki	Hundraðshluti af hlutlausum tilboðum	Hundraðshluti af ágengum tilboðum	Hundraðshluti af stýrðum tilboðum
Nafn og auðkenni viðskiptastaðar (markaðsauðkenniskóði (MIC) eða auðkenni lögaðila (LEI))					
Nafn og auðkenni viðskiptastaðar (markaðsauðkenniskóði (MIC) eða auðkenni lögaðila (LEI))					
Nafn og auðkenni viðskiptastaðar (markaðsauðkenniskóði (MIC) eða auðkenni lögaðila (LEI))					
Nafn og auðkenni viðskiptastaðar (markaðsauðkenniskóði (MIC) eða auðkenni lögaðila (LEI))					
Nafn og auðkenni viðskiptastaðar (markaðsauðkenniskóði (MIC) eða auðkenni lögaðila (LEI))					

Tafla 3

Flokkur gernings		
Tilkynning ef < 1 viðskipti að meðaltali á viðskiptadag næstliðið ár	J/N	
Fimm mikilvægustu viðskiptastaðir, raðað eftir magni (lækkandi röð)	Hlutfall af framkvæmdu magni sem hundraðshluti af heildinni í þeim flokki	Hlutfall af framkvæmdum fyrirmælum sem hundraðshluti af heildinni í þeim flokki
Nafn og auðkenni viðskiptastaðar (markaðsauðkenniskóði (MIC) eða auðkenni lögaðila (LEI))		
Nafn og auðkenni viðskiptastaðar (markaðsauðkenniskóði (MIC) eða auðkenni lögaðila (LEI))		
Nafn og auðkenni viðskiptastaðar (markaðsauðkenniskóði (MIC) eða auðkenni lögaðila (LEI))		
Nafn og auðkenni viðskiptastaðar (markaðsauðkenniskóði (MIC) eða auðkenni lögaðila (LEI))		
Nafn og auðkenni viðskiptastaðar (markaðsauðkenniskóði (MIC) eða auðkenni lögaðila (LEI))		